

61
2. nív.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Það Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda,
viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þeg-
ar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur
eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn
í fjarveru Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor
elskulegur, hans konungleg tign krónprins Christian Frederik Franz Michael
Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi
þangað til Vjer komum heim aftur.

Gefið á Christiansborgarhöll, 2. nóvember 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson,